

Nd. 520. Frumvarp til laga [271. mál]

um breyting á lögum nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26/1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

- a. Orðið „hitaveitufyrirtæki“ í 1. mgr. verði: fyrirtæki.
- b. 2. og 3. mgr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna breytist og orðist þannig:

Tilgangur Hitaveitu Suðurnesja skal vera a) að virkja jarðhita í Svartsengi og annars staðar á Reykjanesi, ef hagkvæmt þykir, b) að reisa og reka orkuver, aðveitur og orkudreifikerfi á starfssvæði hennar og annast sölu á orku til notenda, c) hvers konar önnur nýting jarðgufu og jarðvatns.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Enn fremur veitir iðnaðarráðherra Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu rafveitu á starfssvæði hennar eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á veitukerfum þeirra.

4. gr.

Við lögina bætist svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkissjóði er heimilt að selja Hitaveitu Suðurnesja raforkuveitukerfi sín og stofnana ríkisins, aðveitur og dreifiveitur, innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að fyrirtækinu. Á sama hátt er sveitarfélögum þeim, sem aðild eiga að fyrirtækinu, heimilt að selja því raforkuveitukerfi sín eða leggja þau fram sem stofnframlög og breyüst þá eignarhlutdeild eigenda í samræmi við það.

Náist ekki samkomulag um mat á verðmætum þessum skal gerðardómur þriggja manna skera úr. Tilnefnir stjórn Hitaveitu Suðurnesja einn mann í gerðardóminn, seljandi einn, en oddamaður skal skipaður af Hæstarétti.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum Iðnaðarráðuneytisins og felur í sér þær breytingar á tilgangi Hitaveitu Suðurnesja að fyrirtækið geti tekið að sér alla orkuframleiðslu og orkudreifingu á starfssvæði hennar.

Alþingi ályktaði 3. maí 1982 að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að semja frumvarp til laga um Orkubú Suðurnesja. Nefndin var skipuð 11. ágúst 1982 og kom saman til fyrsta fundar 27. janúar 1983. Áður en hún lauk störfum komu upp breytt viðhorf og var talið hagkvæmara að fela Hitaveitu Suðurnesja hlutverk orkubús á starfssvæði sínu heldur en að stofna fyrirtæki með nýju nafni, er tæki við rekstri og eignum Hitaveitu Suðurnesja jafnframt því að yfirtaka raforkuvirki og veitur á Suðurnesjum. Þess var því ekki óskað að nefndin lyki gerð frumvarps til laga um Orkubú Suðurnesja.

Með lögum nr. 100 31. desember 1974 var ákveðið að stofna Hitaveitu Suðurnesja, sem hafa skyldi það markmið að virkja jarðhita í Svartsengi við Grindavík eða annars staðar á Reykjanesi, reisa þar varmaskiptistöðvar og leggja aðveituæðar til þéttbýliskjarna á Suðurnesjum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda. Eignaraðild að fyrirtækinu var ákveðin á þann veg, að sveitarfélögin sjö á Suðurnesjum skyldu eiga 60% en ríkið 40%. Í byrjun febrúar 1975 var stjórn fyrirtækisins skipuð og tók hún strax til starfa við uppbyggingu þess. Nú hefur hitaveita verið lögð um öll þéttbýlissvæði á Suðurnesjum, auk Keflavíkurflugvallar. Enn fremur hefur Hitaveita Suðurnesja framleitt raforku til eigin nota og fyrir almennan markað.

Afkastageta Hitaveitu Suðurnesja er nú allt að 125 MW í heitu vatni og 8 MW í raforku. Möguleikar eru á aukinni raforkuframleiðslu í Svartsengi án frekari borana um allt að 8—10 MW og væri þá framleiðslugeta í Svartsengi 80—90 GWh á ári. Í Eldvörpum hefur verið boruð ein rannsóknarhola í samvinnu Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar, sem ætla má að veiti möguleika á allt að 15 MW raforkuvirkjun (miðað við hámarksafköst). Auk þeirrar orku, sem nú er óvirkjuð úr borholum í Svartsengi og Eldvörpum, er fyrir hendi óvirkjuð orka á Reykjanesi úr borholum Sjóefnavinnslunnar hf. Talið er að þar sé unnt að reisa allt að 20 MW raforkuvirkjun (miðað við hámarksafköst).

Ekki er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir sérstakri heimild til iðnaðarráðherra að leyfa Hitaveitu Suðurnesja frekari virkjun og framleiðslu raforku, enda er slík almenn heimild í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 60 4. júní 1981, um raforkuver, en þar segir:

„Einnig getur ríkisstjórnin heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og/eða öðrum aðilum, er standa að virkjun jarðvarma, að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum eða stækka slík orkuver, sem fyrir eru, um samtals 50 MW, enda fullnægi aðili skilyrðum sem ríkisstjórnin kann að setja fyrir slíkum heimildum í því skyni að tryggja hagkvæman heildarrekstur raforkukerfisins.“

Fyrirkomulag raforkudreifingar á Suðurnesjum er nú í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Heildsalan er í höndum Landsvirkjunar, sem selur Rafmagnsveitum ríkisins orkuna, en þær selja rafveitum sveitarfélaganna orkuna til dreifingar í smásölu til neytenda.
2. Rafmagnsveitur ríkisins annast þó smásöldreifingu í Hafnahreppi og sölu til Keflavíkurflugvallar frá riðbreytistöð.
3. Starfandi eru á svæðinu sex sveitarfélagarafveitur, í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi og Vatnsleysustrandarhreppi. Meðfylgjandi tafla sýnir raforkunotkun á Suðurnesjum árin 1978—1983:

Raforkunotkun á Suðurnesjum árin 1978—83

Sveitarfélag:	1978 GWh	1979 GWh	1980 GWh	1981 GWh	1982 GWh	1983 GWh
Vatnsleysustr.	3,1	3,7	3,0	3,1	2,9	3,1
Njarðvík	10,6	10,5	9,9	10,3	10,9	11,4
Keflavík	29,5	27,3	25,9	26,4	25,7	25,8
Gerðahreppur	4,4	5,0	4,2	4,4	4,7	4,8
Miðneshreppur	4,7	5,4	5,5	5,7	6,0	6,5
Grindavík	9,4	9,4	8,4	9,3	9,4	9,9
Hafnahreppur, Leira og Grænás	1,7	1,8	1,7	2,0	1,9	1,8
	63,4	63,1	58,6	61,2	61,5	63,3
Keflavíkurlflugvöllur	66,8	60,8	52,6	50,1	63,9	66,7
Alls	130,2	123,9	111,2	111,3	125,4	130,0
Framleitt af Hitaveitu Suðurnesja (umfram 8 GWh eigin notkun á ári)	0,1	3,7	3,9	31,8	40,0	30,1

Undanfarin ár hafa farið fram miklar umræður um sameiningu rafveitna sveitarfélaga á Suðurnesjum og samrekstur þeirra og Hitaveitu Suðurnesja. Allir þeir, sem um hafa fjallað, eru sammála um hagkvæmni sameiningar rafveitnanna á svæðinu. Samrekstur rafveitnanna og hitaveitunnar er jafnframt til þess fallinn að auka hagkvæmni orkuframleiðslu og orkudreifingar á Suðurnesjum.

Verði frumvarp þetta að lögum er ráð fyrir því gert, að Hitaveita Suðurnesja semji við ríkissjóð og einstök sveitarfélög á Suðurnesjum um kaup á raforkuveitukerfum þeirra á starfssvæði hennar. Samningar þessir geta gerzt í áföngum og kunna að leiða til breyttra eignarhlutfalla í fyrirtækinu, ef sá kostur verður valinn að sveitarfélögin leggi rafveitur sínar fyrirtækinu til sem aukin stofnframlög.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að ákvæði um tilgang fyrirtækisins verði öll í 3. gr. laganna og því falli 2. og 3. mgr. 1. gr. niður. Breytt er orðalag 1. mgr. 1. gr. til samræmis við breyttan tilgang fyrirtækisins.

Um 2. gr.

Í grein þessari er lagt til að ákvæði laganna um tilgang fyrirtækisins verði rýmkuð þannig, að það nái til hvers konar virkjunar jarðhita og orkusölu, auk annarrar nýtingar jarðhitans. Orðalag er haft rúmt svo að fyrirtækið geti sinnt öðrum verkefnum sem upp kunna að koma í tengslum við nýtingu jarðhitans, ef hagkvæmt þykir.

Um 3. gr.

Í samræmi við breyttan tilgang fyrirtækisins er lagt til að iðnaðarráðherra geti veitt því einkaleyfi til starfrækslu rafveitu, eftir því sem yfirtöku á einstökum veitukerfum miðar.

Réttur til einkaleyfis á starfrækslu rafveitu breytir ekki því, að ríkisstjórnin getur veitt öðrum aðilum, er standa að virkjun jarðvarma á Suðurnesjum, rétt til að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.